

ÁRSSKÝRSLA
KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS
ÍSLANDS



1987–1988



KÖRFUKNATTLIKSSAMBAND ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1987-1988

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|---------------------|
| SKÝRSLUR..... | BLS. 1 - 26 |
| STÖRF STJÓRNAR..... | BLS. 2 |
| NEFNDIR OFL..... | BLS. 3 |
| SKÝRSLA STJÓRNAR..... | BLS. 4 - 8 |
| SKÝRSLA MÓTANEFNDAR..... | BLS. 9 - 17 |
| SKÝRSLA DÓMARANEFDAR..... | BLS. 18 - 19 |
| SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR..... | BLS. 20 - 21 |
| SKÝRSLA UNGLINGANEFDAR..... | BLS. 22 - 24 |
| SKÝRSLA KVENNALANDSLIÐSNEFNDAR..... | BLS. 25 - 26 |
| | |
| ÁRSREIKNINGAR..... | BLS. 27 - 42 |
| AÐALREKSTRARREIKNINGUR..... | BLS. 28 |
| AÐALFFNAHAGSREIKNINGUR..... | BLS. 29 |
| ÁRSREIKNINGAR STJÓRNAR..... | BLS. 30 - 34 |
| ÁRSREIKNINGAR LANDSLIÐSNEFNDAR..... | BLS. 35 - 37 |
| ARSREIKNINGAR UNGLINGANEFDAR..... | BLS. 38 - 41 |
| ÁRSREIKNINGAR KVENNALANDSLIÐSNEFNDAR..... | BLS. 42 |

STÖRF STJÓRNAR.

Á 27. ársþingi KKÍ voru eftirtalin kjörin í stjórn sambandsins fyrir starfsárið 1987-1988.

Formaður: Björn M. Björgvinsson

Stjórnarmenn til tveggja ára: Kristinn Albertsson
Ingvar Kristinsson

Sjálfkjörin til eins árs: Sigurður Hjörleifsson
Sigriður Guðbjörnsdóttir

í varastjórn voru kjörnir: Eyjólfur Guðlaugsson
Sveinn Sigurbergsson

Stjórnarmenn skiptu með sér verkum á eftifarandi hátt:

| | |
|--|--------------|
| Björn M Björgvinsson | formaður |
| Sigurður Hjörleifsson | varaformaður |
| Kristinn Albertsson | gjaldkeri |
| Ingvar Kristinsson | ritari |
| Sigriður Guðbjörnsdóttir meðstjórnandi | |

NEFNDIR, DÓMSTÓLL, ENDURSKOÐENDUR OG STARFSMAÐUR 1987-1988.**MÓTANEFND:**

Björn M. Björgvinsson
 Kristinn Albertsson
 Sigurður Hjörleifsson
 Ingvar Kristinsson
 Pétur Hrafn Sigurðsson

DÓMARANEFND:

Ómar Scheving
 Gunnar Valgeirsson
 Kristinn Albertsson

LANDSLIÐSNEFND:

Helgi Helgason
 Kristinn Guðnason
 Einar G. Bollason
 Gunnar Þorvarðarson

KVENNALANDSLIÐSNEFND:

Stefán Kristjánsson
 Guðrún Ólafsdóttir
 Guðny Eiríksdóttir
 Sigurður Hjörleifsson

UNGLINGANEFND:

Ágúst Jóhannesson
 Björn Leósson
 Jón Sigurðsson
 Sigvaldi Ingimundarson
 Torfi Magnússon

AGANEFND:

Hrafn G. Johnsen
 Jón Eysteinsson
 Þorgeir Ingi Njálsson

DÓMSTÓLL:

Kristinn Guðnason
 Hilmar Hafsteinsson
 Gísli Gislason

ENDURSKOÐENDUR:

Gunnar Gunnarson
 Ágúst Jóhannesson

FRAMKVÆMDASTJÓRI:

Pétur Hrafn Sigurðsson

*oplýsingar um störf einstakra nefnda koma fram í skýrslum þeirra.

SKÝRSLA STJÓRNAR KKÍ 1987-1988

Fljótlega eftir síðasta ársping kom stjórnin saman og skipti með sér verkum. Einnig var rætt um starfið framundan. Það var ljóst að Kristinn Albertsson yrði aðeins framkvæmdastjóri fram til 1. september. Stjórn KKÍ auglýsti í tvigang eftir starfsmanni s.l. summar. Eftir að umsóknir höfðu verið skoðaðar þá var ákveðið að ráða Pétur Hrafn Sigurðsson framkvæmdastjóra KKÍ. Stjórnin hélt 45 bókaða stjórnarfundi auk þess fjölmarga óformlega fundi. Stjórn KKÍ kom saman í hádegi á föstudögum í allan vetur.

FRAÐSLUMÁL

Á haustdögum var Pálmar Sigurðsson ráðinn til að sinna útbreiðslumálum KKÍ. Hans hlutverk var að leita til skólanna og fá að koma í heimsókn með æfingar og kynna körfu-knattleikinn fyrir 10 og 12 ára börnum. Einnig færði hann þeim límmiða frá KKÍ. Samstarfsmaður Pálmars var ívar Webster. Það er von stjórnar KKÍ að framhald geti orðið á þessu verkefni.

Sú nýbreytni var tekin upp að afhenda viðurkenningarskjöl til þeirra sem urðu í fyrstu premur sætunum í hverju fjölliðamóti og var almenn ánægja með þetta fyrirkomulag.

Stjórn KKÍ lét gera tvær tegundir af límmiðum með skemmtimyndum á sem einkennandi voru fyrir körfu-knattleikinn. Þessir límmiðar voru prentaðir hjá Vörumerkingu h/f í Hafnarfirði án endurgjalds og er það styrkur þeirra til KKÍ.

Undanfarin ár hefur stjórn KKÍ haldið grunnskólamót fyrir 13 - 15 ára krakka. Þessi móti hafa oft verið gagnrýnd af hálfu skólanna. Í haust var ákveðið í beinum tengslum við starf Pálmars að halda grunnskólamót fyrir 10 - 12 ára krakka. Lítill sem engin þátttaka var, svo ekkert varð af mótaaldi að þessu sinni. Áætlað er að halda grunnskólamót í byrjun október, áður en fjölliðamótin hefjast. Hugmyndin er sú að fá krakkana úr skólunum á æfingar hjá félögum strax á haustin.

Um áramótin bauðst Guðmundur Þorsteinsson til að þýða og endurskoða minniboltareglur KKÍ og var það boð þegið með þökkum. Þessi útgáfa er tilbúin til prentunar og kemur út innan skamms.

Í tengslum við Heilsudaga sem haldnir voru í Kringlunni í janúar, var stjórn KKÍ með kynningardag 23. janúar í samvinnu við vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar og Sanitas. Tókst þessi kynning með ágætum.

Stjórn KKÍ hefur leitað til Péturs Guðmundssonar um að halda körfu-knattleiksskóla fyrir unga iökendur í summar. Pétur hefur tekið vel í þessa hugmynd og er Alvin Robertson væntanlegur með honum. Þá eignum við von á góðum gesti í september, en það er Isiah Thomas, leikmaður með Detroit Pistons. Með honum kemur þjálfari liðsins.

Komið hefur til tals að gefa öllum krökkum í ákveðnum árgangi á Íslandi körfubolta, eða eitthvað annað sem minnir á körfuknattleik i afmælisgjöf. Markmiðið er að sjálfsögðu að vekja athygli og áhuga á greininni.

DÓMARAMÁL.

Dómaranefnd KKÍ var skipuð þeim Gunnari Valgeirssyni, Ómari Scheving og Kristni Albertssyni. Starf dómarans i körfuknattleik verður seint fullþakkað. Í veturn hefur tekist vel til með niðurröðun dómara og í starfi má merkja greinilegar framfarir hjá dómurum. Í september hélt KKÍ dómaranámskeið i Reykjavík og var aðalkennari Tor Chr. Bakken, alþjóðlegur dómarí frá Noregi. Mikil ánægja var með námskeiðið og útskrifluðust um tuttugu dómrarar. Nokkrir af þessum dómurum eru þegar komnir í hóp þeirra bestu. Í janúar öðlaðist Kristinn Albertsson FIBA réttindi sem dómarí og er hann 5. íslenski dómarinn sem hlýtur þessi réttindi. Í haust boðaði dómaranefnd KKÍ alla dómara til prekprófs, þátttaka var dræm en vonandi öðlast dómrarar skilning á því að þeir verða að undirbúa sig og vera í æfingu eins og leikmenn. Kristbjörn Albertsson ákvað að hætta að dæma s.l. veturn og eru honum þökkuð framúrskarandi störf á liðnum árum.

FRAM ÚR LEIK.

Eins og öllum er ljóst, þá á körfuknattleikurinn undir högg að sækja í Reykjavík. Uppbyggingarstarfið hefur reynst sumum félögum um megn. Um mitt s.l. sumar spurðist það út að "Úrvvalsdeildarlið" Fram myndi ekki leika með næsta keppnistímabil. Það er mikil eftirsjá af öllum liðum sem hætta iökun körfuknattleiks, en vonandi koma þessi lið aftur til leiks.

MÓTABÓK KKÍ.

Síðastliðið haust kom út vönduð leikjabók. Í henni er að finna ítarlegar upplýsingar um öll félög sem iðka körfuknattleik, þjálfara þeirra, myndir af öllum íslandsmeisturum 1987 og að álfssögðu niðurröðun leikja. Þá eru taldir upp allir landsleikir KKÍ og þeir nefndir sem leikið hafa í landsliðum Íslands. Stefnt er að því að næsta leikjabók verði enn ítarlegri og innihaldi m.a. lög og reglugerðir KKÍ.

STJÖRNULEIKUR 1988.

Á síðasta hausti var leitað eftir samvinnu við félag íþróttafréttamanna um að halda körfuknattleikshátið. Til þessa leiks skyldi vanda og bjóða upp á góða dagskrá og mikla umfjöllun. Raunin varð sú að þetta heppnaðist fullkomlega og var stjórn KKÍ og íþróttafréttamönnum til sóma, þó svo að tilvist þessa leiks hafi hangið á bláþræði vegna óæskilegra blaðaskrifa. Veitt voru glæsileg peningaverðlaun til þeirra priggja einstaklinga sem skoruðu fram úr, en þeir voru Teitur Örlygsson, Hreinn Þorkelsson og Pálmar Sigurðsson.

POLAR CUP 1989.

Næsta Norðurlandamót karla í körfuknattleik verður haldið á Íslandi í apríl á næsta ári. Þegar hefur verið skipuð nefnd til að sjá um þetta verkefni en hana skipa þeir Guðmundur Þorsteinsson, Gunnar Gunnarsson, Kristinn Stefánsson, Birgir Örn Birgirs og Ólafur Thorlacius. Allt þaulvanir móts haldarar. Fyrir liggur tillaga um breytingu á tilhögun Norðurlandamóts karlalandsliða og verður hún væntanlega rædd í Róm á FIBA þinginu síðar í þessum mánuði. Ef þetta verður samþykkt þá verða leiknir alls 16 leikir á tveimur og hálfu keppnistímabili, þ.e. þjóðirnar leika heima og heiman og tvo leiki í hverri ferð.

ALLSHERJARNEFNDARFUNDIR.

Haldnir voru tveir allsherjarnefndarfundir 3. febrúar og 4. mars. Á þessum fundum var rætt um það sem á dagskrá var hverju sinni. Mæting var léleg og umræður eftir því.

LOKAHÓF KKÍ.

Stjórn KKÍ beitti sér fyrir því að halda veglegt lokahóf eftir liðið keppnistímabil. Til samstarfs fengust fulltrúar leikmanna í Úrvalsdeild. Það er skemmt frá því að segja að lokahófið tókst frábærlega og hef ég ekki heyrt jafn vel talað um eina skemmtun sem þessa. Veitt voru glæsileg einstaklingsverðlaun til þeirra sem skarað höfðu fram úr í vetur. Þá var gerð sú nýbreytni að verðlauna ljósmynd ársins og tók hana Einar Falur Ingólfsson ljósmyndari á Morgunblaðinu.

TILNEFNING Á KÖRFUKNATTLEIKSMANNI 1987

Samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjórn ísí og íþróttablaðinu, þá tilnefna öll sérsambönd ákveðna einstaklinga sem íþróttamenn ársins. Að þessu sinni var Jón Kr. Gislason tilnefndur sem körfuknattleiksmaður ársins 1987.

1991.

1991 verður KKÍ 40 ára og körfuknattleikshreyfingin minnist 100 ára afmælis greinarinnar. Stjórn KKÍ leggur til að þegar verði hafinn undirbúningur að stórmóti á Íslandi þetta ár sem lið i afmælishátiðarhöldum.

STEFNUMÓTUN KKÍ.

Nokkrir fundir voru haldnir um hvaða framtíðarsýn körfuknattleiksmenn höfðu og af því tilefni voru settar á blað nokkrar tillögur. Það má vera ljóst að talsverðar breytingar munu eiga sér stað þegar eftir ársþing og má nefna málefni landsliða KKÍ.

BLAÐASKRIF.

Alltaf er það svo að ýmis skrif birtast í blöðum þessa lands um körfuknattleikinn. Ýmist eru þetta þakkar- eða skammar-greinar en oftar bó skammir. Það er annars undarlegt hvað þessir menn sem skammast láta frá sér fara, bó þeir viti betur oft á tíðum. Ég vil nefna nokkur dæmi um algjör púðurskot sem einungis voru til þess fallin að slá ryki í augu almennings. Ég nefni skrif um jafntefli í körfuknattleik, ég nefni skrif um dómara sem ætlaði að hætta, ég nefni 260 þúsund króna víxilinn og sjálfsagt mætti finna fleiri jafn undarleg dæmi. Það er gott að eiga greiða leið að fjölmíðlum en menn verða að þekkja sín takmörk.

MÓTTÖKUR - BOD - FUNDIR.

Í ágúst kom til Íslands lið frá Illinois og lék hér þrjá leiki við landsliðið sem var að búa sig undir Evrópukeppnina. Í janúar áttu stjórn KKÍ og körfuknattleiksdeild íBK samvinnu um að fá háskólalið frá Florida til Íslands og lék liðið tvo leiki.

Stjórn KKÍ boðaði til nokkurra blaðamannafunda til kynningar á ýmsum atburðum. Þá hefur verið tekin upp sú nýbreytni af hálfu ÍSÍ að halda blaðamannafundi í hádeginu á miðvikudögum. Auk þessa var stjórn KKÍ boðið á ýmsa fundi og afmæli.

NÝR BIKAR Í BIKARKEPPNI KKÍ.

Í Bikarkeppni KKÍ var keppt um nýjan og glæsilegan bikar. Bikar þennan gaf "DV - Dagblaðið Vísir". Bikar þessi er einn sá glæsilegasti sem sést hefur á Íslandi. Hann vinnst aldrei til eignar, líkt og Íslandsbikarinn og um hann verður keppt meðan hægt er að skrá nöfn á stallinn. Þegar hans hlutverki er lokið þá varðveitist hann á bikarasafni KKÍ.

PROMOTION CUP.

Ákveðið hefur verið að hrinda af stað keppni smáþjóða í þarfuknattleik, bæði karla- og kvennaflokki, og nefnist keppnin "Promotion Cup". Fyrsta keppnin i karlaflokki verður n.k. desember á Möltu og í kvennaflokki í Luxemburg 1989.

RÁÐNING LANDSLIÐSÞJÁLFARA.

Eins og öllum er ljóst þá gekk landsliðinu okkar illa í Evrópukeppnni í Sviss s.l. haust. Eflaust eru nokkrar skýringar á þessu slaka gengi en eitt er vist að þetta er reynsla sem þarf er að læra af. Stjórn KKÍ hefur verið gagnrýnd fyrir það af ýmsum að halda ekki úti landsliði í veturn. Staðreindin er sú að ákveðinnar breytu var farið að gæta og kom þetta greinilega fram í ummælum margra. Þó A-landsliðið hafi ekki verið í gangi, þá hafa önnur landslið verið í fjölmögum verkefnum, eins og sjá má í skýrslu þeirra. Rætt hefur verið við nokkra aðila um að taka að sér þjálfun A - landsliðsins og má þar nefna Gunnar Gunnarsson og Jón

Sigurðsson en þeir svöruðu báðir neikvætt. Einnig var rætt við Brad Casey og Steve Bergman og höfðu þeir báðir áhuga en ýmsir sem leitað var til ráðlöögðu stjórn KKÍ að biða um stund með þessa ráðningu. Á þessum tíma kom nafn Lazlo Nemeth fram, ungverskur þjálfari sem starfað hefur í Kuwait og vildi losna þaðan vegna hins ótrygga ástands sem ríkir í þessum heimshluta. Leitað var til allra félaga í Úrvalsdeildinni um samstarf við ráðningu á þessum þjálfara. Þrjú félög sýndu áhuga, Valur, UMGF og KR. Þegar þau voru beðin um lokasvar, þá var KR eina félagið sem svaraði jákvætt. Lazlo Nemeth var ráðinn sem aðalþjálfari A - landsliðs karla og ráðgefandi á önnur landslið. Einnig mun hann þjálfa mfl. karla hjá KR og vera ráðgefandi á aðra flokka. Þá mun hann vinna á skrifstofu KKÍ við undirbúning á námskeiðum og sinna útbreiðslumálum. Ráðningartími hans er tvö ár.

ÝMIS MÁL.

Eins og öllum er sjálfsgagt ljóst þá sömdu fulltrúar félaganna sjálfir við Ríkisútarp - Sjónvarp. Eftir því sem næst verður komist var samið um forgang að upptöku. Þrátt fyrir þennan forgang, þá finnst okkur sjónvarpið nýta sér illa petta efni til sýningar.

Nokkur dæmi komu á síðastliðnum vetri þar sem kvartað var undan hegðun ákveðinna félaga í fjölliðamótum. Þessar kvartanir þýða að erfitt verður að fá inni fyrir öll fjölliðamótin og enn erfiðara verður að fá gistiaðstöðu.

Árlega frá 1985 hefur stjórn KKÍ sent Harleem Globtrotters bréf og beðið þá um að koma í heimsókn til Íslands, en enn hefur ekki tekist að fá svör frá þeim.

Stjórn KKÍ reyndi s.l. sumar að selja Bikarkeppni KKÍ. Leitað var til fjölmargra fyrirtækja og auglýsingastofa en þrátt fyrir jákvæð viðbrögð tókst ekki að selja keppnina.

Í byrjun íslandsmóts gaf Morgunblaðið út sérrit um liðin sem léku í Úrvalsdeild og kynnti vetrarstarfið sem framundan var. Mikið af þessu efni var unnið af skrifstofu KKÍ.

F.h. stjórnar KKÍ¹
Björn M. Björgvinsson
Formaður

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR.

Enn og aftur voru erfiðleikar með að fá menn í mótanefnd KKÍ s.l. vetur og varð það úr að stjórn KKÍ bætti á sig störfum mótanefndar.

Óvenju snemma var hafist handa við að raða niður íslandsmótinu í körfuknattleik og voru fyrstu drög send félögunum í lok júlí.

Mótabók KKÍ kom út í október, rétt í þann mund sem íslandsmótið hófst. Fengið var fyrirtækið ÖFLUN h/f í auglýsingasöfnun í mótabók og gekk hún vel.

Ljóst var í sumar að Körfuknattleiksdeild Fram myndi ekki senda lið til keppni í Úrvalsdeild og var Körfuknattleiksdeild UBK boðin þátttaka í Úrvalsdeild í þeirra stað og var það boð þegið.

Þrjú félög sem sendu lið i aðra deild karla keppnistímabilið 1986-1987 sendu ekki lið i vetur, þau eru SNÆFELL, ÁRVAKUR og USAH. Er þessi fækkun mönnum nokkurt áhyggjuefni þar sem 1. deildin verður iskyggilega fáliðuð. Vonast mótanefnd til þess að sjá þessi félög sem fyrst aftur í 1. deildarkeppninni.

Alls sendu 21 félag lið til keppni í íslandsmótið 1987-1988.

ÍSLANDSMÓT 1987-1988.

Íslandsmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

Meistaraflokkur karla:

Meistaraflokkur kvenna:

1. deild karla:

1. flokkur karla:

2. flokkur karla:

2. flokkur kvenna:

3. flokkur karla:

3. flokkur kvenna:

4. flokkur karla:

5. flokkur karla:

Minnibolti:

Lávarðadeild:

Knattspyrnufélagið HAUKAR

íþróttabandalag Keflavíkur

Ungmennafélagið Tindastóll

Ungmennafélag Njarðvíkur

Ungmennafélag Njarðvíkur

íþróttabandalag Keflavíkur

íþróttabandalag Keflavíkur

íþróttabandalag Keflavíkur

íþróttafélag Reykjavíkur

Ungmennafélag Njarðvíkur

Ungmennafélag Njarðvíkur

LOKASTAÐAN í ÚRVALSDEILD.

| Nafn félags | Fj.l. | U.l | T.l. | Stigaskor | Stig |
|-------------|-------|-----|------|-----------|------|
| UMFN | 16 | 14 | 2 | 1430:1179 | 28 |
| ÍBK | 16 | 13 | 3 | 1291:1064 | 26 |
| HAUKAR | 16 | 10 | 6 | 1298:1146 | 20 |
| VALUR | 16 | 10 | 6 | 1277:1127 | 20 |
| KR | 16 | 8 | 8 | 1297:1165 | 16 |
| UMFG | 16 | 8 | 8 | 1154:1182 | 16 |
| ÍR | 16 | 6 | 10 | 1153:1233 | 12 |
| ÞÓR | 16 | 2 | 14 | 1203:1585 | 4 |
| UBK | 16 | 1 | 15 | 942:1364 | 2 |

VÍTAHITTNI í ÚRVALSDEILD.

| | Félag | Skot/Stig | Nýting |
|---------------------|--------|-----------|--------|
| Tómas A. Holton | VALUR | 86/72 | 83.72% |
| Valur Ingimundarson | UMFN | 85/70 | 82.35% |
| Torfi Magnússon | VALUR | 60/47 | 78.33% |
| Birgir Mikaelsson | KR | 78/60 | 76.92% |
| Falur Harðarson | ÍBK | 45/34 | 75.56% |
| Ísak Tómasson | UMFN | 51/38 | 74.51% |
| Guðni Ó. Guðnason | KR | 60/44 | 73.33% |
| Henning Henningsson | HAUKAR | 82/60 | 73.17% |
| Leifur Gústafsson | VALUR | 122/89 | 72.95% |

ÞRIGGJA STIGA KÖRFUR í ÚRVALSDEILD.

| | Félag | Körfur | Leikir | Meðaltal |
|---------------------|--------|--------|--------|----------|
| Karl Guðlaugsson | IR | 52 | 16 | 3.2 |
| Pálmar Sigurðsson | HAUKAR | 48 | 14 | 3.4 |
| Valur Ingimundarson | UMFN | 38 | 16 | 2.3 |
| Kristján Rafnsson | UBK | 24 | 15 | 1.6 |
| Konráð Óskarsson | ÞÓR | 23 | 16 | 1.4 |
| Hreinn Þorkelsson | ÍBK | 22 | 16 | 1.2 |
| Guðjón Skúlason | ÍBK | 19 | 14 | 1.3 |
| Guðni Ó. Guðnason | KR | 19 | 16 | 1.1 |
| Ísak Tómasson | UMFN | 17 | 15 | 1.1 |
| Teitur Örlygsson | UMFN | 17 | 16 | 1.0 |

STIGASKOR í ÚRVALSDEILD.

| | Félag | Stig | Leikir | Meðaltal |
|---------------------|--------|------|--------|----------|
| Valur Ingimundarson | UMFN | 330 | 16 | 20.6 |
| Guðni Ó. Guðnason | KR | 301 | 16 | 18.8 |
| Birgir Mikaelsson | KR | 298 | 16 | 18.6 |
| Guðmundur Bragason | UMFG | 277 | 16 | 17.3 |
| Henning Henningsson | HAUKAR | 276 | 16 | 17.2 |
| Tómas A. Holton | VALUR | 261 | 16 | 16.3 |
| Karl Guðlaugsson | ÍR | 258 | 16 | 16.1 |
| Pálmar Sigurðsson | HAUKAR | 256 | 14 | 18.2 |
| Leifur Gústafsson | VALUR | 239 | 16 | 14.9 |
| Símon Ólafsson | KR | 231 | 16 | 14.4 |
| Jón Örn Guðmundsson | ÍR | 231 | 16 | 14.4 |

VILLUR Í ÚRVALSDEILD.

| | Félag | Villur | Leikir | Meðaltal |
|-------------------------|-------|--------|--------|----------|
| Konráð Óskarsson | PÓR | 67 | 16 | 4.1 |
| Ólafur Adolfsson | UBK | 62 | 15 | 4.1 |
| Rúnar Árnason | UMFG | 61 | 15 | 4.0 |
| Jón Örn Guðmundsson | ÍR | 61 | 16 | 3.8 |
| Birgir Mikaelsson | KR | 60 | 16 | 3.7 |
| Björn Sveinsson | PÓR | 60 | 16 | 3.7 |
| Eiríkur Sigurðsson | PÓR | 57 | 16 | 3.5 |
| Sigurður Ingimundarson | ÍBK | 56 | 16 | 3.5 |
| Guðbrandur J Stefánsson | UBK | 55 | 15 | 3.6 |

Úrslit leikja í úrslitakeppni Úrvalsdeildar

FYRRI UMFERÐ:

| | |
|------------|-------|
| UMFN-VALUR | 88-75 |
| ÍBK-HAUKAR | 83-67 |
| VALUR-UMFN | 88-78 |
| HAUKAR-ÍBK | 85-69 |
| ÍBK-HAUKAR | 79-81 |
| UMFN-VALUR | 81-71 |

SEINNI UMFERÐ:

| | |
|-------------|-------|
| UMFN-HAUKAR | 78-58 |
| HAUKAR-UMFN | 80-74 |
| UMFN-HAUKAR | 91-92 |

LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KVENNA.

| Nafn félags | Fj.l. | U.l. | T.l. | Stigaskor | Stig |
|-------------|-------|------|------|-----------|------|
| ÍBK | 18 | 15 | 3 | 1096:800 | 30 |
| ÍS | 18 | 14 | 4 | 887:745 | 28 |
| ÍR | 18 | 13 | 5 | 1014:857 | 26 |
| HAUKAR | 18 | 8 | 10 | 935:935 | 16 |
| UMFG | 18 | 7 | 11 | 661:832 | 14 |
| UMFN | 18 | 3 | 15 | 660:832 | 6 |
| KR | 18 | 3 | 15 | 742:994 | 6 |

Leikin var þefold umferð í 1. deild kvenna.

VÍTAHITTNI Í 1. DEILD KVENNA.

| | Félag | Skot/Stig | Nýting |
|--------------------------|--------|-----------|--------|
| Anna María Sveinsdóttir | ÍBK | 83/61 | 73.49% |
| Helga Guðlaugsdóttir | ÍS | 41/27 | 65.85% |
| Fáilia Sigurðardóttir | KR | 49/61 | 63.27% |
| Sigrún Skarphéðinsdóttir | HAUKAR | 39/24 | 61.54% |
| Friða Torfadóttir | ÍR | 46/28 | 60.87% |
| Helga K. Friðriksdóttir | ÍS | 63/37 | 58.73% |
| Pórunn Magnúsdóttir | UMFN | 67/38 | 56.72% |
| Maria Jóhannesdóttir | UMFN | 32/18 | 56.25% |
| Auður Rafnsdóttir | ÍBK | 47/26 | 55.32% |

ÞRIGGJA STIGA KÖRFUR Í 1. DEILD KVENNA.

| | Félag | Körfur | Leikir | Meðaltal |
|--------------------------|--------|--------|--------|----------|
| Björg Hafsteinsdóttir | ÍBK | 32 | 18 | 1.7 |
| Sigrún Skarphéðinsdóttir | HAUKAR | 22 | 18 | 1.2 |
| Sólveig Pálsdóttir | HAUKAR | 20 | 18 | 1.1 |
| Ásta Sveinsdóttir | KR | 12 | 18 | 0.6 |
| Helga K. Friðriksdóttir | ÍS | 9 | 17 | 0.5 |
| Marta Guðmundsdóttir | UMFG | 6 | 17 | 0.3 |

STIGASKOR í 1. DEILD KVENNA.

| | Félag | Stig | Leikir | Meðaltal |
|--------------------------|--------|------|--------|----------|
| Anna Maria Sveinsdóttir | ÍBK | 315 | 18 | 17.5 |
| Björg Hafsteinsdóttir | ÍBK | 271 | 18 | 15.0 |
| Marta Guðmundsdóttir | UMFG | 223 | 17 | 13.1 |
| Sigrún Skarphéðinsdóttir | HAUKAR | 218 | 18 | 12.1 |
| Hafdís Helgadóttir | ÍS | 183 | 18 | 10.1 |
| Vala Úlfljótsdóttir | ÍR | 179 | 18 | 9.9 |
| Póra Gunnarsdóttir | ÍR | 179 | 18 | 9.9 |
| Sigriður Guðbjörnsdóttir | UMFN | 167 | 18 | 9.2 |
| Hafdís Hafberg | HAUKAR | 159 | 18 | 8.8 |
| Herdís Gunnarsdóttir | HAUKAR | 155 | 18 | 8.6 |

VILLUR í 1. DEILD KVENNA.

| | Félag | Villur | Leikir | Meðaltal |
|-----------------------|-------|--------|--------|----------|
| Hrönn Sigurðardóttir | KR | 62 | 18 | 3.4 |
| Svanhildur Káradóttir | UMFG | 61 | 18 | 3.3 |
| Helga Guðlaugsdóttir | ÍS | 61 | 18 | 3.3 |
| Póra Gunnarsdóttir | ÍR | 58 | 18 | 3.2 |
| Guðrún Gunnarsdóttir | ÍR | 57 | 18 | 3.1 |
| Vala Úlfljótsdóttir | ÍR | 54 | 18 | 3.0 |
| Hafdís Helgadóttir | ÍS | 54 | 18 | 3.0 |
| Kristín Blöndal | ÍBK | 52 | 15 | 3.4 |
| Stefania Jónsdóttir | UMFG | 52 | 15 | 3.4 |
| Emilia Sigurðardóttir | KR | 51 | 15 | 3.4 |
| Harpa Magnúsdóttir | UMFN | 51 | 16 | 3.1 |

LOKASTAÐAN í 1. DEILD KARLA.

| Nafn félags | Fj.l. | U.l. | T.l. | Stigaskor | Stig |
|-------------|-------|------|------|-----------|------|
| UMFT | 14 | 13 | 1 | 1300:980 | 26 |
| ÍS | 14 | 12 | 2 | 1047:808 | 24 |
| ÚÍA | 14 | 11 | 3 | 968:874 | 22 |
| LÉTTIR | 14 | 6 | 8 | 865:950 | 12 |
| ÍA | 14 | 6 | 8 | 905:971 | 12 |
| HSK | 14 | 5 | 9 | 870:946 | 10 |
| REYNIR | 14 | 3 | 11 | 824:974 | 6 |
| UMFS | 14 | 0 | 14 | 891:1167 | 0 |

2. FLOKKUR KVENNA.

Þar sem ekki var riðlaskipt í 2. flokki kvenna gilda samanlöögð stig úr öllum fjórum móturnum.

Lokastaðan eftir 4. og síðustu umferð:

| Nafn félags | Fj.l | U.l. | T.l | Stig |
|-------------|------|------|-----|------|
| ÍBK | 24 | 21 | 3 | 42 |
| HAUKAR | 24 | 21 | 3 | 42 |
| UMFG | 24 | 16 | 8 | 32 |
| UMFN | 24 | 10 | 14 | 20 |
| ÍR | 24 | 9 | 15 | 18 |
| KR | 24 | 7 | 16 | 14 |
| ÍA | 24 | 0 | 24 | 0 |

3. FLOKKUR KVENNA.

Lokastaðan eftir fjórðu og síðustu umferð.

| Nafn félags | Fj.l. | U.l. | T.l. | Stig |
|--------------|-------|------|------|------|
| ÍBK | 24 | 23 | 1 | 46 |
| VÍKINGUR ÓL. | 24 | 15 | 9 | 30 |
| KR | 24 | 14 | 10 | 28 |
| UMFN | 24 | 13 | 11 | 26 |
| HAUKAR | 24 | 10 | 13 | 20 |
| UMFG | 24 | 6 | 18 | 12 |
| ÍR | 24 | 2 | 22 | 4 |

1. FLOKKUR KARLA.

Eftirtalin lið tilkynntu þátttöku og var þeim skipt upp í two riðla:

A-riðill: íS, VALUR, ÍBK, UMFN B

B-riðill: UMFN A, KR, HAUkar, LÉTTIR

Til úrslita léku UMFN A og ÍBK. UMFN A SIGRAÐI 74-72.

2. FLOKKUR KARLA.

Eftirtalin 7 lið tóku þátt í íslandsmótinu og var keppt í einum riðli og leikin einföld umferð:

UMFN, ÍBK, ÍR, HAUkar, UMFG, VALUR, KR.

| Nafn félags | fj.l. | U.l. | T.l. | Stig |
|-------------|-------|------|------|------|
| UMFN | 6 | 5 | 1 | 10 |
| ÍBK | 6 | 5 | 1 | 10 |
| HAUKAR | 6 | 4 | 2 | 8 |
| VALUR | 6 | 3 | 3 | 6 |
| KR | 6 | 2 | 4 | 4 |
| ÍR | 6 | 1 | 5 | 2 |
| UMFG | 6 | 0 | 6 | 0 |

3. FLOKKUR KARLA.

Þáttökulið voru 10. Var riðlaskipting í upphafi eftirfarandi:

A-RIDILL: HAUkar, KR, ÍBK, VALUR, UMFG

B-RIDILL: UMFN, ÍR, UMFT, PÓR, MÍMIR

Lokastaðan eftir fjórðu og síðustu umferð í A-riðli.

| Nafn félags | F.l. | U.l. | T.l. | Stig |
|-------------|------|------|------|------|
| ÍBK | 4 | 3 | 1 | 6 |
| HAUKAR | 4 | 3 | 1 | 6 |
| UMFN | 4 | 3 | 1 | 6 |
| ÍR | 4 | 2 | 2 | 4 |
| KR | 4 | 0 | 4 | 0 |

4. FLOKKUR KARLA.

Þáttökulið voru 16. Var riðlaskipting í upphafi eftirfarandi:

A-RIDILL: HAUKAR A, ÍBK, UMFN, VALUR, HAUKAR B, VÍKINGUR ÓL.¹⁵
 B-RIDILL: UMFT, ÍA, ÍR A, UMGF, KR, ¹⁰
 C-RIDILL: UMFL, UMFS, ÍR B, PÓR, USAH ¹⁰

Lokastaðan eftir fjórðu og síðustu umferð í A-Riðli.

| Nafn félags | Fj.l. | U.l. | T.l. | Stig |
|-------------|-------|------|------|------|
| HAUKAR A | 5 | 5 | 0 | 10 |
| ÍBK | 5 | 4 | 1 | 8 |
| UMFN | 5 | 2 | 3 | 4 |
| KR | 5 | 2 | 3 | 4 |
| VALUR | 5 | 1 | 4 | 2 |
| UMFG | 5 | 1 | 4 | 2 |

5. FLOKKUR KARLA.

Þátttökulið voru 13. Var riðlaskipting í upphafi eftirfarandi:

A-RIDILL: HAUKAR A, UMGF, ÍBK, UMFN A, VALUR. ¹⁰
 B-RIDILL: KR, ÍR A, HAUKAR B, ÍA.
 C-RIDILL: UMFS, ÍBK B, ÍR B, USAH.

Lokastaðan eftir fjórðu og síðustu umferð í A-Riðli.

| Nafn félags | Fj.l. | U.l. | T.l. | Stig |
|-------------|-------|------|------|------|
| ÍR | 4 | 4 | 0 | 12 |
| UMFG | 4 | 3 | 1 | 10 |
| VALUR | 4 | 2 | 2 | 8 |
| HAUKAR A | 4 | 1 | 3 | 6 |
| ÍBK | 4 | 0 | 4 | 4 |

MINNIBOLTI.

Þátttökulið voru 16. Riðlaskipting í upphafi var eftirfarandi:

A-RIDILL: ÍBK A, VALUR A, ÍR A, UMGF A, UMFN A, HAUKAR A.
 B-RIDILL: KR A, REYNIR, ÍR B, UMFN B, ÍBK B,
 C-RIDILL: UMGF B, VALUR B, KR B, HAUKAR B, ÍR C.

Lokastaðan eftir fjórðu og síðustu umferð í A-Riðli.

| Nafn félags | Fj.l. | U.l. | T.l. | Stig |
|-------------|-------|------|------|------|
| UMFN | 4 | 3 | 1 | 6 |
| UMFG | 4 | 3 | 1 | 6 |
| ÍBK A | 4 | 2 | 2 | 4 |
| HAUKAR | 4 | 2 | 2 | 4 |
| VALUR | 4 | 0 | 2 | 0 |

LÁVARÐADEILD.

Eftirtalin 5 lið tóku þátt í íslandsmótinu að þessu sinni og var keppt í einum riðli og leikin tvöföld umferð.

| Nafn félags | Fj.l. | U.l. | T.l. | Stig |
|-------------|-------|------|------|------|
| UMFN | 8 | 8 | 0 | 16 |
| ÍS | 8 | 6 | 2 | 12 |
| KR | 8 | 4 | 4 | 8 |
| HSK | 8 | 2 | 6 | 4 |
| ÍR | 8 | 0 | 8 | 0 |

BIKARKEPPNI KKÍ 1987-1988.

Bikarmeistararar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

| | |
|-------------------------|----------------------------|
| Meistaraflokkur karla: | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| Meistaraflokkur kvenna: | Íþróttabandalag Keflavíkur |
| 2. flokkur kvenna: | Íþróttabandalag Keflavíkur |
| 2. flokkur karla: | Íþróttabandalag Keflavíkur |
| 3. flokkur karla: | Íþróttabandalag Keflavíkur |
| 4. flokkur karla: | Íþróttabandalag Keflavíkur |

Úrslit úr einstökum leikjum urðu:

MEISTARAFLOKKUR KARLA**1. UMFERÐ:**

| | | | |
|-------------|--------|-------------|--------|
| KR B-VALUR | 90-50 | VALUR-KR B | 110-49 |
| UBK-ÍA | 96-59 | ÍA-UBK | 64-94 |
| ÍS B-KR A | 75-90 | KR A-ÍS B | 107-71 |
| UMFN B-ÍS A | 56-53 | ÍS A-UMFN B | 61-69 |
| UMFG-UMFS | 139-83 | UMFS-UMFG | 66-104 |
| UMFT-HAUKAR | 75-91 | HAUKAR-UMFT | 92-56 |
| ÍR-PÓR | 102-65 | PÓR-ÍR | 85-98 |
| ÍBK-UMFN | 83-88 | UMFN-ÍBK | |

2. UMFERÐ:

| | | | |
|---------------|-------|---------------|--------|
| U FG-ÍR | 68-68 | ÍR-UMFG | 63-63 |
| UMFN B-HAUKAR | 51-71 | HAUKAR-UMFN B | 100-77 |
| KR-VALUR | 74-72 | VALUR-KR | 64-79 |
| UMFN A-UBK | 96-52 | UBK-UMFN A | 85-88 |

UNDANÚRSLIT:

| | | | |
|-----------|-------|-----------|-------|
| UMFN A-ÍR | 69-62 | ÍR-UMFN A | 74-73 |
| KR-HAUKAR | 85-77 | HAUKAR-KR | 87-89 |

ÚRSLIT:

| | |
|-----------|---------|
| KR-UMFN A | 103-104 |
|-----------|---------|

MEISTARFLOKKUR KVENNA:**1. UMFERÐ:**

| | |
|-------------|-------|
| KR-ÍBK | 49-76 |
| UMFG-HAUKAR | 42-50 |
| ÍS-ÍR | 47-49 |

| | |
|-------------|--------|
| ÍBK-KR | 112-29 |
| HAUKAR-UMFG | 60-47 |
| ÍR-ÍS | 31-37 |

UNDANÚRSLIT:

| | |
|-------------|-------|
| HAUKAR-UMFN | 48-44 |
| ÍBK-ÍS | 55-32 |

| | |
|-------------|-------|
| UMFN-HAUKAR | 39-43 |
| ÍS-ÍBK | 41-60 |

ÚRSLIT:

| | |
|------------|-------|
| ÍBK-HAUKAR | 76-60 |
|------------|-------|

2. FLOKKUR KARLA:**1. UMFERÐ:**

| | |
|------------|-------|
| ÍR-KR | 65-69 |
| VALUR-UMFN | 88-69 |
| ÍBK-HAUKAR | 88-72 |

UNDANÚRSLIT:

| | | | |
|--------|-------|------------|-------|
| ÍBK-KR | 83-56 | UMFG-VALUR | 79-73 |
|--------|-------|------------|-------|

ÚRSLIT:

| | |
|----------|-------|
| ÍBK-UMFG | 86-61 |
|----------|-------|

2. FLOKKUR KVENNA.**1 UMFERÐ:**

| | |
|-------------|-------|
| UMFG-HAUKAR | 34-49 |
|-------------|-------|

| | |
|-------|-------|
| KR-ÍR | 30-35 |
|-------|-------|

UNDANÚRSLIT:

| | |
|-------------|-------|
| UMFN-HAUKAR | 34-32 |
|-------------|-------|

| | |
|--------|-------|
| ÍR-ÍBK | 32-49 |
|--------|-------|

ÚRSLIT:

| | |
|----------|-------------|
| ÍBK-UMFN | ÍBK SIGRAÐI |
|----------|-------------|

3. FLOKKUR KARLA:**1. UMFERÐ:**

| | | | |
|------------|-------|----------|-------|
| UMFG-KR | 53-50 | VALUR-ÍR | 62-50 |
| ÍBK-HAUKAR | 65-63 | | |

UNDANÚRSLIT:

| | | | |
|----------|-------|------------|-------------|
| UMFG-ÍBK | 74-52 | UMFN-VALUR | UMFN SIGRAR |
|----------|-------|------------|-------------|

ÚRSLIT:

| | |
|----------|-------|
| UMFN-ÍBK | 54-56 |
|----------|-------|

4. FLOKKUR KARLA:**1. UMFERÐ:**

| | | | |
|------------|-------|-----------|-------|
| ÍA-UMFG | 46-36 | HAUKAR-ÍR | 73-38 |
| VALUR-UMFN | 33-56 | ÍBK-KR | 55-36 |

UNDANÚRSLIT:

| | | | |
|-----------|-------|----------|-------|
| ÍA-HAUKAR | 33-67 | ÍBK-UMFN | 46-37 |
|-----------|-------|----------|-------|

ÚRSLIT:

| | |
|------------|-------|
| HAUKAR-ÍBK | 59-60 |
|------------|-------|

SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR.

Eftirtaldir skipa dómaranefnd:

Ómar Scheving
Gunnar Valgeirsson
Kristinn Albertsson

Eins og flestum er kunnugt þá hafa dómarar í vetur auglýst fyrir Timex-umboðið og var sá samningur gerður fyrir s.l. keppnistímabil og er til tveggja ára. Í samningi þessum felst m.a. að Timex-umboðið sér dómurum í Úrvvalsdeild fyrir dómarafötum, töskum og skóm. Einnig gáfu þeir armbandsúr til efnilegusta og besta dómarans sem veitt voru á síðasta Lokahófi KKÍ.

Fyrir keppnistímabilið stefndi dómaranefnd öllum dómurum til prekprófs sem haldið var í Laugardal. Dómurum var ekki skyld að ná ákveðnum tímatakmörkunum, heldur einungis að mæta. Mæltist þetta vel fyrir og er það vilji dómaranefndar að þessi fyrsti visir að prekprófi verði fastur liður í framtíðinni, því það er jafn mikilvægt að dómarar haldi sér í góðri þjálfun eins og leikmenn.

Sú nýjung var gerð síðastliðinn vetur að félög þurftu að eiga ákveðinn fjölda dómara miðað við fjölda þátttökuliða. Þetta gerði það að verkum að fjöldi nýrra dómara hófu dómgæslu í vetur eftir að hafa sótt námskeið sem haldið var síðastliðið haust. Á þessu námskeiði kenndi norski alþjóðadómariinn Tor Chr. Bakken. Er það von dómaranefndar að þessir dómarar sem útskrifuðust af þessu námskeiði komi til með að dæma næstu árin, enda eru þeir margir mjög efnilegir dómarar. Það er jafnframt stefna dómaranefndar að fá árlega erlendan alþjóðadómara til að halda svipuð námskeið fyrir upphaf hvers keppnistímabils.

Önnur nýjung var tekin upp við niðurröðun dómara á leiki vetrarins. Niðurröðunin var tölvukeyrð og var dómurum send heildarniðurröðun ásamt eigin leikjum og gerðir ábyrgir fyrir þeim leikjum sem þeim var úthlutað. Var þessi nýjung til mikils öryggis fyrir dómara og var því mæting dómara á leiki vetrarins mjög góð.

Á milli jóla og nýárs voru tveir dómarar, þeir Kristinn Albertsson og Ómar Scheving, sendir til Haarlem í Hollandi á námskeið til að öðlast alþjóðleg dómararéttindi. Kristinn öðlaðist þessi réttindi og er hann 5. alþjóðlegi dómari íslendinga, en ómari var bent á að hann þyrfti að öðlast meiri reynslu í dómgæslunni og þá einkum á erlendri grundu, áður en hann fengi réttindi sem alþjóðlegur dómari. Dómarar hafa rætt það sín á milli að það þyrfti að vera meira samstarf á milli dómara og landsliðsnefnda KKÍ. Hugmyndir hafa komið upp að í hvert skipti sem eitthvert landsliða Íslands í körfuknattleik fer erlendis, hvort heldur er í æfingaleiki eða alvörukeppnir, þá fari einn dómari með liðinu. Í staðinn dæma íslenskir dómarar alla leiki, sem íslensk landslið leika á Íslandi, endurgjaldslaust. Er það von dómaranefndar að um þetta

fyrirkomulag náist samstarf því fyrr því betra þar sem þetta yrði mikil hvatning og reynsla fyrir íslenska dómara.

Ef litið er á dómgæsluna í vetur þá hefur hún að mati dómaranefndar verið betri en undanfarin ár, einnig hefur tekist vel til við að manna alla leiki sem dæma hefur þurft og er það einkum að þakka hinni miklu fjölgun í dómarastéttinni eins og áður er getið.

Þegar þetta er ritað hefur heyrst litillega af tillögu sem væntanlega verður borin fram á ársþingi af stjórn KKÍ, en hún er þess efnis að Úrvalsdeildarfélög verða að eiga 3 dómara í stað tveggja dómara í dag. Í staðinn mun dómaranefnd manna alla 2. flokks leiki og bikarleiki í öllum flokkum og verður þessi tillaga vonandi að veruleika þannig að við eignumst ennþá fleiri dómara, því við munum seint eignast of marga. Sú ánægjulega frétt hefur heyrst að íslensk félagaslið hyggist taka þátt í Evrópukeppnum og ýtir það undir möguleikann á að við íslendingar eignumst svokallaða eftirlitsdómara (commissioner). Í framhaldi af því verður nauðsynlegt að senda eftirlitsdómara á alþjóðlegt námskeið svo þeir geti öðlast tilskilinn réttindi. Það er von um dómaranefndar að hægt verði að senda einn til two á næsta keppnistímabili.

Að lokum vill dómaranefnd þakka öllum þeim dómurum og öðrum samskiptaaðilum í vetur fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum vetri.

F.h. dómaranefndar KKÍ
Ómar Scheving

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KKÍ.

Eftirtaldir skipuðu landsliðsnefnd KKÍ:

Helgi Helgason
 Kristinn Guðnason
 Einar G. Bollason
 Gunnar Þorvarðarson

